

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Urriðaholtsstræti 30, breyting á deiliskipulagi norðurhluta Urriðaholts, 3. áfangi.
Tillagan gerir ráð fyrir því að íbúðum á lóðinni fjölgi um eina íbúð, þ.e. úr 12 í 13.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 14. september 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2017